



Ingunnarskóli

Enska - 10. bekkur - munnlegt próf (15% af annareinkunn)

Nafn _____

Bekkur _____

Þáttur	10 – 9.5	9 – 8.5	8 – 7.5	7 – 6.5	6 – 5.5	5 – 4.5	4 - 0	Einkunn
Framburður, tónhæð og skýrmæli (25%)								
Orðaforði og málnotkun (25%)								
Innihald, uppbygging og undirbúningur (25%)								
Þekking á efninu (25%)								

Lokaeinkunn verkefnis: _____

Skýringar:

Framburður, tónhæð og skýrmæli: Að nemandi beri tungumálið rétt fram og sé vel skiljanlegur. Að nemandi tali hátt og skýrt.

Orðaforði og málnotkun: Fjölbreytni og notkun orðaforða, hversu viðeigandi orðaforðinn er fyrir efnið, rétt málnotkun.

Innihald, uppbygging og undirbúningur: Að innihald kynningar sé fullnægjandi og athyglisvert, að uppbygging kynningar sé góð og styðji við innihald, að nemandi sé vel undirbúinn fyrir kynningu.

Þekking á efninu: Að nemandi þekki efnið og geti svarað spurningum.

Verkefnið tengist eftirfarandi markmiðum úr Aðalnámsskrá grunnskóla

Talað mál – samskipti (námsmarkmið 10. bekkjar)

Að nemandi:

- geti tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, tjáð skoðanir sínar og tilfinningar og brugðist við með hljómfalli sem hæfir aðstæðum
- geti byrjað samtal og endað, lagt orð í belg, umorðað og leiðrétt sig
- geti bjargað sér við óvæntar aðstæður
- kunni að nota málið við ýmsar aðstæður daglegs lífs, t.d. við að komast að sameiginlegri niðurstöðu með öðrum, láta í ljós aðdáun/vanþóknun, vera sammála/ósammála

- kunni að nota föst orðasambönd sem eru algeng í daglegum samskiptum
- kunni að tjá sig mismunandi formlega eftir aðstæðum

Talað mál – frásögn (námsmarkmið 10. bekkjar)

Að nemandi:

- geti tjáð sig skýrt og skiljanlega með eðlilegum áherslum og hrynjandi
- geti flutt stutt undirbúið erindi um viðfangsefni sem hann hefur aflað sér heimilda um
- geti gert grein fyrir skoðun sinni á efni sem hann hefur kynnt sér og rökstutt hana að nokkru
- geti veitt upplýsingar um menningu sína og umhverfi